

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Eldisstöðin Ísbór, Ölfusi	15.11.2018	Nesbraut 25, Þorlákshöfn	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
660509-0380	03.06.2019	Já	Landeldi, 600 tonn af laxa- og regnbogasilungsseiðum

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Áætluð stækkun á næstunni í kringum 1500 tonn.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Ekki skráð losun á úrgangi sem verður til við framleiðsluna (melta og hreinsibílar sem sækja spilliefni). Þjálfunarskrá einnig ábótavant.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Barst UST 7. september 2018.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Barst UST 4. maí 2018.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Einungis drög.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Er neyðaráætlun til staðar?		X		Einungis drög.
-----------------------------	--	---	--	----------------

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		X		
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?	X			Er í ársyfirliti.  Mælingar, losun 2017 á fosfór var 6,3 kg/tonn, losunarmörk eru 14 kg/tonn.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Smá lykt við ytri grjótgarð. Skv. ábyrgðarmanni myndaðist náttúruleg tjörn innan grjótgarðs nýlega. Í lagi núna.  Mælt í frárennslis: COD mælt 27.6.18, 68 mg/L og svifagnir mældar 19.9.18, 8 mg/
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh.  Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennslis rennur beint í sjó. U.þ.b. 50-150 metrar frá kerum í viðtaka.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Frárennslis rennur beint í sjó. U.þ.b. 50-150 metrar frá kerum í viðtaka.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Skv. vöktunaráætlun
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Nýr samningur við Sorpu um að taka við meltu.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Skv. vöktunaráætlun
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Komið í ársskýrslu
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Mánaðarlegar fosfór mælingar í frárennsli. Árlega niturmælingar. Starfsmenn taka sýni sjálfir og senda á rannsóknarstofu til greiningar.  Sýni ehf.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Farið var í eftirlit í seyðastöð fyrirtækisins í Þorlákshöfn. Fjögur frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu er varðar skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi og að neyðaráætlun og vöktunaráætlun eru ekki til staðar. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

<b>Samantekt:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Neyðaráætlun og vöktunaráætlun til staðar, en einungis drög. Á eftir að senda á fulltrúa Umhverfisstofnunar.</li> <li>Búið að skila ársyfirliti og grænu bókhaldi. Innra eftirlit og skráningar ekki að fullu í samræmi við starfsleyfi.</li> </ul>
<b>Annað</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tilkynnt um óhapp við dælingu seiða innan svæðis Ísþórs.</li> <li>Einn olíutankur staðsettur innandyrna.</li> </ul>

Undirskrift eftirlitsmanns: Rúnar Ingi Tryggvason

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Íspór Ölfusi



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	15.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Íspór	<b>Eftirlitsmaður</b>	Rúnar Ingi Tryggvason
<b>Heimili</b>	Nesbraut 25	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	660509-0380	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jónatan Þórðarson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þórarinn Ólafsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Brugðist hefur verið við frávikum fyrri ára varðandi vöktunaráætlun, skil ársskýrslna og græns bókhalds og mælingar á svifögnum og lífrænu efni.

Sex ný frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlitið er varða áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, skráningar, skil ársskýrslu og græns bókhalds ársins 2017, umhverfismarkmið, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Frávik er varðar skil á neyðaráætlun vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar er ítrekað. Engar ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá gr. 4.5 í starfsleyfi er ítrekað. Samkvæmt gr. 4.5 skal neyðaráætlun vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Uppfærðri neyðaráætlun hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.6 í starfsleyfi	Áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar skal liggja fyrir. Áætluninni hefur ekki verið skilað.
Gr. 3.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og þjálfun og reynslu starfsfólks. Skráningarnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Ekki er skráð losun á úrgangi sem verður til við framleiðsluna. Einnig er þjálfunarskrá ábótavant.
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti skal skilað fyrir 1. maí ár hvert. Yfirlit fyrir árið 2017 barst ekki fyrir tilskilinn tíma, en var skilað 7. september sl. Frávikinu telst því lokið.
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald ársins 2017 barst ekki fyrir 1. maí, en var skilað 4. maí sl. Frávikinu telst því lokið.
Gr. 4.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og vinna eftir þeim.

Umhverfismarkmiðin áttu að liggja fyrir árið 2015. Umhverfismarkmiðin hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Gr. 4.4 í starfsleyfi

Áhættumat og viðbragðsáætlun unnin á grundvelli áhættumatsins skulu liggja fyrir og vera aðgengileg eftirlitsaðilia. Áhættumati og viðbragðsáætlun hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.

#### **ANNAD**

Rekstraraðila er bent á að sækja um endurnýjun starfsleyfis sem fyrst.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

04.04.2019

  
Hulda Soffía Jónasdóttir





